



Sérverkefni Orkustofnunar tengd fiskeldi

Einar Tjörvi Elíasson

Greinargerð ETE-87-10

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild  
1987-04-15

Greinargerð  
ETE-87;10  
gb

## SÉRVERKEFNI ORKUSTOFNUNAR TENGD FISKELDI

Þessi sérverkefni Orkustofnunar skiptust á árinu 1987 í þrjá þætti eins og hér fer á eftir:

1. Aðstæður til matfiskeldis og sjávartöku í Óxarfirði.
2. Aðstæður til seiðaeldis.
3. Aðstæður til matfiskeldis og sjávartöku á Suðurlandi.

Orkustofnun leitaði fjármögnum til þessara sérverkefna hjá Alþingi gegn mótfamlögum frá hagsmunaaðilum í héraði og frá stofnuninni sjálfrí. Upphæðirnar, sem leitað var eftir, skiptust á eftirfarandi hátt milli verkefnanna:

	Alþingi	Orku-stofnun	Hagsmuna-aðilar
Sérverkefni 1	3.760	500	500
Sérverkefni 2	17.760	5.400	4.100
Sérverkefni 3	21.360	2.670	2.670
Samtals þkr	42.880	8.570	7.270

A fjarlögum 1987 fékkst umbeðin fjármögnun til fyrsta verkefnisins, en til hinna tveggja fengust samtals þkr 10.700 eða u.p.b. þriðjungur þess sem um var sótt. Hagsmunaaðilar í héraði tryggðu mótframlag, er samtals nemur þkr 2.970 og framlag Orkustofnunar til verkefnanna á árinu verður þkr 3.790.

Akveðið var að endurskoða áætlað umfang sérverkefnanna í ljósi þeirrar fjármögnum, sem til verkefnanna hafði fengist. Haft var að leiðarljósi við skipulagningu verkefnanna og endurskoðun þeirra, að nothæfar niðurstöður fengjust frá a.m.k. þeim svæðum, sem líklegust þykja, strax í lok ársins 1987. Eins var valið að leggja svipaða áherslu á rannsóknir seiðaeldis- og matfiskeldisstaða og sérverkefnum 2 og 3 því slegið saman í eitt.

Tillögur Orkustofnunar að framhaldi þessara verka á árinu 1988 mótað af fjárframlögum þeim, er til þeirra fengust á þessu ári, og þeim áherslubreytingum, sem markaðspróun fyrir eldisfisk og breyttar þarfir atvinnugreinarinnar hafa haft í för með sér. Sérverkefni tengd fiskeldi áætluð fyrir árið 1988 verða því tvö, og eru sem hér fer á eftir:

1. Aðstæður til matfiskeldis og sjávartöku í

Öxarfirði - framhald.

2. Aðstæður til sjávartöku, seiða- og matfiskeldis.

Aætluð fjárbörf þessara framhaldsrannsókna á árinu 1988 og skipting hennar milli aðila í samræmi við stefnu ársins 1987 er sem hér fer á eftir:

	Alþingi	Orku-stofnun	Hagsmuna-aðilar
Sérverkefni 1	11.900	1.500	1.500
Sérverkefni 2	13.000	4.000	3.000
Samtals þkr	24.900	5.500	4.500
=====			

Framangreind endurskoðun hefur leitt af sér umtalsverðan samdrátt í umfangi rannsóknanna og kemur það aðallega fram í minni borunum. Kostnaður við verkefni 1 hefur þannig verið lækkaður um u.p.b. 35 Mkr þegar tekið hefur verið tillit til verðlagsþróunar milli ára. Endurskoðunin hafði í för með sér hlutfallslega svipaða lakkun kostnaðar við verkefni 2. Verulegur hluti þessarar lakkunar á kostnaði við verkefnin er fenginn vegna upplýsinga, sem safnast hafa í söluverkum fyrir ýmis fiskeldifyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög frá tíma fyrstu áætlunargerðar.